

Þjónustumiðstöð Umhverfiseildar, lðndalur 4

Viðbragðsáætlun vegna hættuástands

Upplýsingar eru á heimasíðu Sveitarfélagsins Voga www.vogar.is/is/natturuva og hjá hlutaðeigandi stofnunum sveitarfélagsins.


Helstu skref:

1. Aðgerðarstjórn (lögregla) tilkynnir um hættuástand.
2. Séu gestir á í þjónustumiðstöð, eru þeir beðnir um að yfirgefa húsnæðið strax, ef hægt er.
3. Starfsmenn sem eiga börn á skólaaldri fara fyrst út úr húsnæði.
4. Aðrir starfsmenn gæta þess í sameiningu að allir gluggar séu lokaðir og að rafmagnstæki séu tekin úr sambandi.
5. Síðasti maður úr læsir á eftir sér og athugar hvort önnur rými í húsnæðinu séu yfirgefin. Umsjónarmaður fasteigna eða sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs er síðastur úr húsi. Viðkomandi merkir útidyrhurð eða glugga á áberandi stað að húsnæði hafi verið yfirgefið. Á blaðinu sé símanúmer viðkomandi í horni blaðsins.
6. Fjöldahjálparstöð er í Tjarnarsal við Stóru-Vogaskóla. Þeir sem eiga ekki bíl eða þurfa aðstoð á einn eða annan hátt úr bænum fara þangað. Ef þörf er á aðstoð er hringt í 112. Mikilvægt er að þeir sem ekki fara í fjöldahjálparstöð á leið úr bænum hringi í 1717.


Yfirvegun og ró er mikilvæg.

Útgönguleiðir í þjónustumiðstöð:

löndalur 4




2. hæð - Milliloft



1. hæð

Flóttaleiðir og rýmingaráætlun:



RÝMINGARÁÆTLUN VEGNA ELDGOSA Á REYKJANESI

Viðkomandi eru hverfi sem hafa verið teiknuð upp í aðgerðargrunn SL og búið að setja upp rýmingarsvæði eftir kortum frá Sveitarfélaginu Vogum.



- Vogar-Græna hverfið** – Íbúðarhúsnæði ásamt leikskóla. Þetta hverfi er í forgangi í rýmingu.
- Eftirfarandi gótur eru í þessu hverfi:** Suðurgata, Brekkugata, Hvammsgata, Fagridalur, Miðdalur, Heiðardalur Lyngdalur, Hvammsdalur og Suðurgata 1-5 er Leikskólinn.
- Vogar-Rauða hverfið** – Íbúðarhúsnæði, grunnskóli, samþýliskjarni eldri borgara í Akurgerði 25. 13 íbúðir alls. Þetta hverfi er í forgangi í rýmingu.
- Eftirfarandi gótur eru í þessu hverfi:** Vogagerði, Akurgerði, Aragerði, Ægisgata, Hofgerði, Tjarnargata Kirkjurgerði, Heiðargerði og Grunnskólinn er í Tjarnargötu 1-3.
- Vogar-Gula hverfið** – Í þessu hverfi er íþróttamiðstöð og íþróttavöllur einnig er tjaldsvæðið og iðnaðarsvæði við höfnina.
- Eftirfarandi gótur eru í þessu hverfi:** Mýrargata, Marargata, Hólágata, Austurgata, Egilsgata, Hafnargata, Grænborg, Vesturborg, Hrafnaborg, Gislaborg, Staðarborg og Sjávarborg.
- Vogar-Bíla hverfið** – Íbúðarhúsnæði-Léttur iðnaður, bæjarskrifstofur og þjónustu miðstöð bæjarins er í þessu hverfi.
- Eftirfarandi gótur eru í þessu hverfi:** Skyggisholt, Breiðuholt, Lyngholt, Iðndalur, Heiðarholt og Keilisholt.

Þörf á aðstoð: Neyðarlínan – 112

Þörf á upplýsingum: Hjálparsími Rauða Krossins: 1717

Endurskoðað af verkefnastjóra hjá Almannavörnum, bæjarstjóra, sviðstjóra Umhverfis- og skipulagssviðs og verkefnastjóra upplýsingamiðlunar hjá Sveitarfélaginu Vogum þann 29. október 2024. Lagt fyrir bæjarráð 8.1.2025.